

## EBAK – Félag eldri borgara á Akureyri

### 4. stjórnarfundar EBAK 29. ágúst 2017 kl. 10 – 12. Fundargerð 4

#### Mættir:

Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður,  
Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari,  
Hallgrímur Gíslason, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir.  
Einnig varamennirnir Kolbrún Kristjánsdóttir og Egill Jónsson.

**Fjarverandi:** Jón Aðalsteinn Baldvinsson og Garðar Lárusson

1. Formaður setti fundinn.
2. Stutt kynning fundarmanna, þar sem þetta var fyrsti fundur Egils Jónssonar.
3. Fundargerð 3. stjórnarfundar EBAK frá 6. júní lögð fram. Afgreiðslu frestað.
4. Dagbókarfærslur: Haukur var í viðveru 7. júní, enginn kom, en um 40 manns í salnum að spila bridds.
5. Fréttir af starfi félagsins í sumar.
  - a) Göngunefndin sá um gönguferðir um Kjarnaskóg á þriðjudögum. Óvissuferðin var í Möðrudal, Fuglasafnið í Mývatnssveit skoðað og kaffi á Laugum. Þátttakendur voru rúmlega 50.
  - b) Ferðanefndin stóð fyrir ferðum á Vestfirði og í Borgarfjörð, 30 manns en 12 hættu við. Mikil vinna fór í að undirbúa ferð til Canari í haust sem verður farin 30. sept.
  - c) Bugðusíðunefndin var með starfsemi í Bugðusíðu þrjá daga í viku í júní, ágúst og hálfan september.
  - d) Víðilundarnefndin hefur séð um Spjallkaffið í Norðursalnum í Víðilundi alla virka daga.
  - e) Golfnefndin bauð upp á púttæfingar á Jaðarsvelli 2x í viku í júní, júlí og ágúst. Í haust geta félagsmenn í EBAK mætt í golf á 5 holu velli ókeypis alla daga vikunnar. Þetta er Sigurði Hermannssyni að þakka og hann ætlar að ganga frá samningi við GA um afnot EBAK af aðstöðu GA í Íþróttahöllinni í vetur. Sigurður og Dóra hætta í nefndinni að eigin ósk en Hlynur Jónasson verður áfram. Sólveig Gunnarsdóttir kemur inn í nefndina og þau Hlynur og Sólveig ætla að finna þriðja fulltrúann í nefndina. Stjórn EBAK þakkar Sigurði og Dóru vel unnin störf í þágu félagsins. Á næsta stjórnarfundu verður gengið frá skipun nýrrar golfnefndar.
  - f) Gönguklúbburinn „Göngum úti í sumar“ var með gönguferðir annan hvern fimmtudag. Farnar voru 6 ferðir. Jónas Stefánsson sagðist sáttur við þátttökuna. Hann langar til að gera viðhorfskönnun meðal þeirra sem tóku þátt. Hallgrímur Gíslason fór í 5 af göngunum, var ánægður með að fræðsla var um svæðin áður en lagt var af stað.
  - g) Viðgerð á snókerborðunum er lokið. Námskeið var í vetur.
4. Fundur FKR með Bergljótu 28. ágúst sl. þ.e. í gær. Fundarefni var undirbúningur vegna nýs samnings við Akureyrarbæ um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1. Gott að vinna með Bergljótu.

5. Viðfangsefni stjórnar EBAK næstu vikur eru m.a. eftirfarandi verkefni:
  - a) Útgáfa fréttabréfs félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi sem er í vinnslu. Þar er að finna almennar upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvanna. Efni frá EBAK þarf að vinna í samstarfi við Bergljótu Jónasdóttur og skila fyrir 7. sept. nk. Enn vantar starfsmann í Bugðusíðu í stað Hildar.
  - b) Stundaskrá EBAK og Ak í Bugðusíðu á haustönn 2017. Fer inn á heimasíðu EBAK. Yfirléitt eru stjórnarfundir á þriðjudögum kl. 10 – 12. Ósk um að færa leikfimina fram til kl. 9 – 10 svo leikfimisfólkið verði ekki fyrir ónæði í slökuninni síðast í tímanum.
  - c) Fundur í Hofi 8. og 9. september, „Fundur fólksins“. Valgerður Jónsdóttir verður fulltrúi EBAK þann 8. september og Haukur Halldórsson verður þann 9. september.
  - d) Leiga á Sjálfsbjargarsalnum fyrir boccia, krullu o. fl. Salurinn í Bugðusíðu 1 er mikið notaður. Sjálfsbjargarsalurinn var leigður x2 í viku á vormánuðum. Hallgrímur Gíslason sagði að vel hafi tekist til og verið gaman en mætingin hefði verið lítil. Ræðum í september hvort til greina komi að prófa aftur í nóvember með boccia og krullu.
  - e) Endurnýjun samnings við Akureyrarbæ um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Fundur fyrirhugaður 19. sept. nk. Samþykkt að FKR vinni að endurnýjun samningsins.
  - f) Umsjón með heimasíðu/facebook EBAK. Halldór Gunnarsson, Anna G Thorarensen og Hallgrímur Gíslason hafa verið umsjónarmenn undanfarið. Halldór og Anna óska eftir að hætta sem umsjónarmenn en Hallgrímur verður áfram. Samþykkt að fela Hallgrími að finna fólk úr félaginu til að vinna með sér. Málið verður formlega afgreitt af stjórn á næsta fundi.
  - g) Tölvumál á skrifstofu EBAK m.a. varðveisla gagna stjórnar og nefnda. Samþykkt að fela Hallgrími Gíslasyni að uppfæra tölvubúnaðinn á skrifstofu EBAK í þessu skyni. Hann leggur til að skjöl séu merkt ár – mán. - dagur, alltaf 6 stafir. Pdf-skrár. Athuga þarf með afrit af skrám.
6. Mál sem taka þarf afstöðu til.
  - a) Endurskilgreining á hlutverki og skyldum notendaráðs (starfslýsing), sjá samninginn við Akureyrarbæ. Nauðsynlegt að vinna að þessu með Bergljótu Jónasdóttur. Varamenn verði með á fundum ráðsins.
  - b) Stuðningur við Búfesti. Yfirlýsing frá EBAK. Fundarmenn beðnir að fara yfir drög að yfirlýsingu sem þegar liggur fyrir. Málið verður afgreitt á næsta stjórnarfundum.
7. Viðvera á skrifstofu: 30. ág. Margrét, 6. sept. Halldóra og Kolbrún, 13. sept. Dóra, 20. sept. Hallgrímur og Egill.
8. Næsti stjórnarfundur 26. september kl.10. Síðasta Pálínukaffið á vegum Bugðusíðunefndar verður þann 11. september nk. Stjórnarmenn boðnir velkomnir.
9. Fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir ritari